

Úrskurðarorð:

Beiðni um niðurfellingu sjálfræðissviptingar X, fæddrar ... 1950, er synjað.

Málskostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun skipaðs talsmanns X, Svölu Thorlacius héraðsdómslögmanns 1.800.00. krónur.

Mánudaginn 21. febrúar 1983.

Nr. 131/1982. **Haukur Leósson**

(Jón Oddsson hrl.)

gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavík

(Guðmundur V. Jósefsson hrl.)

Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins

(enginn)

Framkvæmdastofnun ríkisins

(enginn)

Landsbanka Íslands

(Guðmundur Pétursson hrl.)

Hirti Torfasyni

(sjálfur)

Útvegsbanka Íslands

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

Sparisjóði vélstjóra

(enginn)

Jóni Magnússyni

(Benedikt Sveinsson hrl.)

Þórarni Árnasyni

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

Boga Ingimarssyni

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

Guðmundi Jónssyni

(Hákon Árnason hrl.)

Magnúsi Fr. Árnasyni

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

Ara Ísberg

(Páll S. Pálsson hrl.)

Hallgrími B. Geirssyni

(Gestur Jónsson hrl.)

Jóni G. Briem,

(enginn)

Þorvaldi Lúðvíkssyni

(sjálfur)

Reinhold Kristjánssyni

(enginn)

Jóni Ingólfssyni

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

Kristni Sigurjónssyni

(sjálfur)

Grétari Haraldssyni

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

Sigurði H. Guðjónssyni

(Guðmundur Pétursson hrl.)

Ólafi Axelssyni og

(enginn)

Jónasi Gústavssyni borgarfógeta

(enginn).

Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 7. júní 1982, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu sama dag og krafist þess aðallega, að hinni áfrýjuðu nauðngaruppboðsgerð verði hrundið og synjað verði um framgang hennar að öllu leyti, en til vara, að lagt verði fyrir uppboðshaldarann í Reykjavík að fresta uppboðsþingi „til þriðju og síðustu fyrirtöku.“

Áfrýjandi krefst þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndu Bogi Ingimarsson, Guðmundur Jónsson, Grétar Haraldsson, Jón Ingólfsson, Jón Magnússon, Kristinn Sigurjónsson, Magnús Fr. Árnason, Þórarinn Árnason, Þorvaldur Lúðvíksson og Útvegsbanki Íslands hafa krafist þess, að hin áfrýjaða uppboðsgerð verði staðfest og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndu Hallgrímur B. Geirsson, Sigurður H. Guðjónsson, Ari Ísberg og Iðnaðarbanki Íslands h/f hafa krafist sýknu af kröfum áfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans fyrir Hæstarétti.

Hjörtur Torfason hæstaréttarlögmaður hefur sótt þing af hálfu handhafa veðskuldabréfs, tryggðs með 5. veðrétti í fasteigninni Viðjugerði 8 í Reykjavík, og krafist sýknu af kröfum áfrýjanda.

Stefndu Gjaldheimtan í Reykjavík og Landsbanki Íslands hafa krafist þess, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Einar Bergmann, Diðrik Sigurðsson, Hilmar Friðriksson og Pétur Valdimarsson hafa látið sækja þing fyrir Hæstarétti og krafist þess, að hin áfrýjaða uppboðsgerð verði staðfest og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað.

Tómas Zoëga hefur sem framsalshafi réttar uppboðskaupanda fasteignarinnar Viðjugerðis 8 í uppboðsrétti látið sækja þing fyrir Hæstarétti og krafist þess, að hin áfrýjaða uppboðsgerð verði staðfest.

Af hálfu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, Framkvæmdastofnunar ríkisins, Sparisjóðs vélstjóra, Jóns G. Briem, Reinholds Kristjánsson, Ólafs Axelssonar og Jónasar Gústavssonar borgarfógeta hefur ekki verið sótt þing.

Síðari hluta árs 1979 og til 4. september 1980 bárust yfirborgarfógetanum í Reykjavík 5 beiðnir um nauðungaruppboð á fasteigninni Viðjugerði 8 hér í borg, sem er eign áfrýjanda. Þann dag var tekið fyrir í uppboðsrétti Reykjavíkur „að selja við nauðungaruppboð Viðjugerði 8, eigandi Haukur Leósson, eftir kröfu Helga V. Jónssonar o. fl.“ Lágu þá frammi uppboðsbeiðnir frá Helga V. Jónssyni hæstaréttarlögmanni vegna Sparisjóðs vélstjóra, Útvegsbanka Íslands og Þorvaldi Lúðvíkssyni hæstaréttarlögmanni vegna Diðriks Sigurðssonar auk beiðna, sem síðar hafa verið afturkallaðar.

Í réttinum voru mættir af hálfu uppboðsbeiðenda Þorvaldur Lúðvíksson og Jóhann Gíslason, en eigandi eignarinnar var ekki viðstaddur.

Sala var ákveðin á eigninni sjálfri 29. október 1980, kl. 1500, að undangenginni auglýsingu í dagblöðunum.

Uppboðsmálið var næst tekið fyrir 2. apríl 1981.

Var þá bókað:

„Áður framl. skjöl eru til staðar í réttinum. Nú leggur uppboðshaldari fram nr. 18 veðbókarvottorð, nr. 19 sölubeiðni Framkvæmdasjóðs, nr. 20 skuldabréf, nr. 21 sölubeiðni Reinholds Kristjánssonar, hdl., nr. 22 fjárnám, nr. 23 - 26 sölubeiðnir og fjárnám Jón Ingólfsson, hdl., nr. 27 sölubeiðni Þorvaldur Lúðvíksson nr. 28 fjárnám, nr. 29 sölubeiðni Skúla J. Pálmasonar, hrl., nr. 30 skuldabréf, nr. 31 sölubeiðni Kristins Sigurjónssonar, hrl. nr. 32—33 fjárnám, nr. 34 sölubeiðni Grétars Haraldssonar, hrl., nr. 35 fjárnám.

Uppboðið var auglýst í 38., 60. og 64 tbl. Lögbirtingablaðs 1980 og í dagbl. Visi.

Mættur er í réttinum Stefán Pétursson, hrl., v/Landsbanka Íslands og leggur fram nr. 36 sölubeiðni Landsbanka Ísl., nr. 37 tryggingarbréf.

Þá er mættur Þorvaldur Lúðvíksson hrl., Grétar Haraldsson, hrl., Magnús Árnason hrl., Jón Ingólfsson, hdl., Reinhold Kristjánsson hdl., Jóhann Gíslason, hdl. v/Útvegsbanka Íslands.

Eigandi eignarinnar er mættur.

Þá er einnig mættur Helgi V. Jónss., hrl.

Mættum eru kunnir uppboðsskilmálar.

Þessi boð komu fram: Kr. 500.000.00 Grétar Haraldsson, hrl.

Fleiri boð komu ekki fram.

Mættur Haukur Leósson biður um, að fram fari annað og síðasta uppboð, og fer það fram hér á sama stað í júní n. k., uppboðsdagur ákveðinn síðar og þá auglýstur á venjulegan hátt.“

Enn bárust yfirborgarfégetanum beiðnir um nauðungaruppboð á þessari sömu fasteign til 22. september 1981. Meðal uppboðsbeiðna þessara voru: Beiðni Sigurðar H. Guðjónssonar héraðsdómslög-

manns f. h. Hörpu h/f, beiðni Ólafs Axelssonar héraðsdómslögmanns f. h. Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar h/f, beiðni Gunnars Sæmundssonar héraðsdómslögmanns, beiðni Kristins Björnssonar héraðsdómslögmanns f. h. Ólíufélagsins Skeljungs h/f, beiðni Sveins Finnssonar héraðsdómslögmanns f. h. dánarbús Baldvins K. Sveinbjörnssonar og beiðni Gísla Baldurs Garðarssonar héraðsdómslögmanns f. h. Einars Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns.

Áfrýjandi fór þess á leit við skiptaráðandann í Reykjavík hinn 22. september 1981, að sér yrði veitt heimild til greiðslustöðvunar í allt að þrem mánuðum samkvæmt ákvæðum II. kafla gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Með úrskurði sama dag varð skiptaráðandinn við beiðni áfrýjanda. Að ósk áfrýjanda ákvað skiptaráðandinn með úrskurði 21. desember 1981, að heimild til greiðslustöðvunar skyldi framlengd í allt að tveim mánuðum.

Hinn 23. mars 1982 var haldið annað og síðasta uppboð á eigninni samkvæmt ákvörðun í uppboðsrétti 2. apríl 1981.

Auk beiðna þeirra, sem áður er lýst, komu fram sölubeiðnir frá eftirtöldum aðiljum: Gjaldheimtunni í Reykjavík, Landsbanka Íslands, Hirti Torfasyni hæstaréttarlögmanni, Jóni Magnússyni héraðsdómslögmanni, Boga Ingimarssyni hæstaréttarlögmanni, Guðmundi Jónssyni héraðsdómslögmanni, Magnúsi Fr. Árnasyni hæstaréttarlögmanni, Ara Ísberg héraðsdómslögmanni, Iðnaðarbanka Íslands h/f, Kristni Sigurjónssyni hæstaréttarlögmanni vegna Péturs Valdimarssonar, Jóni Ingólfssyni héraðsdómslögmanni vegna Hilmars Friðrikssonar og Jóni Briem héraðsdómslögmanni vegna Huxleys Ólafssonar.

Í þinghaldi þessu var bókað:

„Við fyrstu fyrirtöku uppboðs þessa í uppboðsrétti þann 4. september 1980 var ákveðin sala, sem fram skyldi fara þann 29. september sama ár.

Samkvæmt beiðni uppboðspóla og með samþykki allra uppboðsbeiðenda var því sölupingi frestað fjórum sinnum utan réttar, síðast til 2. apríl 1981.

Á því uppboðsþingi kom fram eitt boð í eignina, kr. 500.000.00, frá Grétari Haraldssyni hrl.

Eftir beiðni uppboðspóla var ákveðið, að fram færi annað og síðara uppboð á eigninni í júnímánuði 1981, en því sölupingi síðan

frestað utan réttar samkvæmt beiðni uppboðspola og með samþykki uppboðsbeiðenda til 25. september 1981.

Með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur fékk uppboðspoli þann 21. september 1981 heimild til greiðslustöðvunar í þrjá mánuði og síðan heimiluð greiðslustöðvun í aðra tvo mánuði með úrskurði skiptaréttar, dags. 21. desember 1981.

Að lokinni greiðslustöðvun var ákveðið, að sala á eigninni færi fram í dag.

Uppboðið var auglýst í dagblaðinu Vísi og í Morgunblaðinu.

Uppboðspoli Haukur Leósson er sjálfur mættur og með honum Árni Grétar Finnsson, hrl., sem óskar eftir því við uppboðsbeiðendur, að þeir veiti frest á uppboði þessu, en uppboðsbeiðendur samþykkja ekki frestun á uppboðinu.

Lesnir uppboðsskilmálar.

Þessi boð komi nú í eignina:

Kr. 1.000.000.00 Kristinn Sigurjónsson hrl.

Kr. 1.300.000.00 Jón G. Briem, hdl.

Kr. 1.500.000.00 Kristinn Sigurjónsson hrl.

Kr. 1.800.000.00 Þorvaldur Lúðvíksson hrl.

Kr. 2.000.000.00 Kristinn Sigurjónsson hrl.

Kr. 2.100.000.00 Þorvaldur Lúðvíksson og Grétar Haraldsson

Kr. 2.400.000.00 Kristinn Sigurjónsson hrl.

Fleiri boð komu ekki fram.

Uppboðshaldari tók sér 14 daga frest til að taka ákvörðun um fram komin boð.

Í uppboðsrétti Reykjavíkur hinn 5. apríl 1982 skyldi taka ákvörðun um framkomin boð í húseignina Viðjugerði 8 á uppboðsþinginu 23. mars. Var þá bókað:

„Mættur er í réttinum Kristinn Sigurjónsson hrl., sem var hæstbjóðandi á uppboðinu og bauð hann kr. 2.400.000.00.

Þá er einnig mættur í réttinum Tómas Zoëga læknir.

Mættur Kristinn Sigurjónsson hrl. lýsir því yfir, að hann framselji mættum Tómasi Zoëga boð sitt í eignina, og Tómas lýsir því yfir,

að hann yfirtaki boðið ásamt þeim skuldbindingum, sem uppboðs-skilmálar leggja hæstbjóðanda á herðar.

Uppboðshaldari lýsti því yfir, að hann samþykkti ofangreint boð í hina seldu eign ásamt framsali þess til Tómasar Zoëga.

Mættur Tómas Zoëga greiðir í réttinum uppboðskostnað kr. 63.257.00 og kr. 416.743.00 upp í uppboðsverðið.“

Uppboðshaldarinn útbjó nú frumvarp að úthlutunargerð uppboðsverðsins, 2.400.000.00 krónur, sem skiptist þannig:

„1. Gjaldheimtan í Reykjavík, fasteignagj.	kr.	21.200.00
2. Lífeyrissj. starfsmanna ríkisins, 1. veðr.	—	5.118.20
3. Framkvæmdasjóður Íslands, 2. veðr. ...	—	22.229.20
4. Handhafi 3 veðsk.bréf á 3. veðr.	—	6.373.33
5. Landsbanki Íslands, tryggingarbréf, 4. veðr.	—	18.122.55
6. Hjörtur Torfason hrl. v/handhafa 5. veðr.	—	6.364.00
7. Landsbanki Íslands, 6. veðr.	—	10.301.40
8. Útvegsbanki Íslands, 7. veðr.	—	118.780.75
9. Sparisj. vélstjóra, 8. veðr.	—	41.406.15
10. Jón Magnússon hdl. v/9. veðr.	—	135.489.00
10. Þórarinn Árnason hdl. v/9. veðr.	—	46.701.85
10. Bogi Ingimarsson v/9. veðr.	—	50.122.50
11. Jón Magnússon hdl. v/10 ^I veðr.	—	16.060.50
12. Landsbanki Íslands v/10 ^{II} veðr.	—	122.250.00
13. Magnús Fr. Árnason hrl. v/11. veðr. ...	—	99.246.00
13. Magnús Fr. Árnason hrl. v/11. veðr. ...	—	111.229.54
13. Ari Ísberg hdl. v/11. veðr.	—	26.855.60
14. Hallgrímur Geirsson hdl. v/12. veðr. ...	—	343.732.77
14. Jón G. Briem hdl. v/12. veðr.	—	219.625.00
15. Þorvaldur Lúðvíksson hrl. v/Diðriks Sigurðss., fjárnám	—	106.689.50
16. Sami v/sama, fjárnám	—	153.501.00
17. Reinhold Kristjánsson hdl., fjárnám	—	68.801.00
18. Jón Ingólfsson, fjárnám	—	35.655.50
19. Sami ” 	—	44.185.50
20. Sami ” 	—	62.636.10

21. Sami fjárnám	kr.	67.958.00
22. Þorvaldur Lúðvíksson hrl. v/Einars Bergmann, fjárn.	—	63.356.80
23. Kristinn Sigurjónsson hrl. v/Péturs Valdimarss. fjárn.	—	49.643.50
24. Sami v/sama	—	39.894.50
25. Grétar Haraldsson hrl. fjárnám	—	150.879.44
26. Iðnaðarbanki Íslands fjárnám	—	53.487.90
27. Sigurður H. Guðjónsson v/Hörpu h.f., fjárnám.	—	3.216.10
28. Þorvaldur Lúðvíksson hrl. v/Diðriks Sigurðss. fjárnám	—	1.342.50
29. Sami v/sama	—	1.342.50
30. Ólafur Axelsson hdl. v/Ölg. Egils Skallagrímss. fjárn.	—	2.565.40
31. Kristinn Sigurjónsson hrl. v/Péturs Valdimarss.	—	73.636.42
Samtals		Kr. 2.400.000.00

Samkvæmt þessu fæst ekki greiðsla af uppboðsverðinu upp í kröfur fjárnámshafanna Gunnars Sæmundssonar, dánarbús Baldvins K. Sveinbjörnssonar, Hilmaris Friðrikssonar og Einars Sigurðssonar.

Í þinghaldi í uppboðsréttinum 3. júní 1982 lagði uppboðshaldarinn frumvarpið fram svo og bréf áfrýjanda, þar sem hann mótmælti fyrirhugaðri úthlutun og lýsti yfir, að hann hygðist áfrýja uppboðinu til Hæstaréttar. Las uppboðshaldarinn bréf áfrýjanda í réttinum, en þar voru mættir: Guðmundur Jónsson héraðsdómslögmaður, Stefán Melsted vegna Framkvæmdasjóðs, fyrir Landsbanka Íslands og Reinhold Kristjánsson mætti Bragi Björnsson héraðsdómslögmaður fyrir Helga V. Jónsson hæstaréttarlögmann og Hjört Torfason hæstaréttarlögmann mætti Brynjólfur Eyvindsson héraðsdómslögmaður og fyrir uppboðskaupanda mætti Skarphéðinn Þorisson hæstaréttarlögmaður. Einnig voru mættir Grétar Haraldsson hæstaréttarlögmaður, Jón Ingólfsson héraðsdómslögmaður, Héðinn Finnbogason héraðsdómslögmaður fyrir Lífeyrissjóð ríkisstarfs-

manna, Ari Ísberg héraðsdómslögmaður, Þorvaldur Lúðvíksson hæstaréttarlögmaður og Bogi Ingimarsson hæstaréttarlögmaður.

Allir viðstaddir lýstu því yfir, að þeir samþykktu úthlutunarfrumvarpið eins og það lá fyrir.

Var síðan bókað: „Vegna mótmæla Hauks Leóssonar verða þeir aðilar, sem gert hafa kröfu, sem sæta mótmælum hans, boðaðir til sérstaks réttarhalds síðar, og verður fyrirtökudagur ákveðinn síðar.

Mættir Þorvaldur Lúðvíksson hrl., Grétar Haraldsson hrl., Héðinn Finnbogason hdl. og Bragi Björnsson hdl. fyrir hönd Reinholds Kristjánssonar lýsa því yfir, að þeir krefjast þess að fá kröfur sínar greiddar samkvæmt úthlutunargerðinni úr hendi uppboðshaldara, þegar hann hefur innheimt uppboðsandvirðið, sömu kröfu gerir Ari Ísberg hdl. vegna 11. veðréttar kröfu sinnar.“

Hinn 7. júní 1982 var tekið fyrir í uppboðsréttinum að ganga frá uppgjöri uppboðsverðsins. Var þá bókað:

„Mættur er í réttinum Helgi Ólafsson f. h. Tómasar Zoëga og með honum Skarphéðinn Þórisson hrl.

Mættur Helgi býður fram greiðslu á eftirstöðvum uppboðsverðsins að svo miklu leyti sem það fær ekki að standa áfram veðtryggt í hinni seldu eign, en fyrir liggja yfirlýsingar frá mörgum veðhöfum, þar sem þeir samþykkja, að kröfur þeirra megi hvíla áfram á eigninni.

Uppboðshaldari lætur þess nú getið, að honum hafi verið sýnd áfrýjunarstefna, þar sem uppboðinu er áfrýjað til Hæstaréttar, og sé því ekki hægt að gefa kaupanda afsal fyrir eigninni.

Við þessar aðstæður óskaði mættur Helgi eftir fresti til n. k. þriðjudags til að greiða eftirstöðvar uppboðsverðsins, og féllst uppboðshaldari á þann frest.“

Svo sem áður er rakið, var beiðst uppboðs á fasteigninni Viðjugerði 8 af hálfu Huxleys Ólafssonar, Einars Sigurðssonar, Gunnars Sæmundssonar, dánarbús Baldvins Sveinbjörnssonar, Hörpu h/f, Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar h/f og Oliufélagsins Skeljungs h/f. Voru þeir aðiljar að uppboðsmálinu í héraði, sbr. 3. tl. 8. gr. laga nr. 57/1949. Efnisdómur í Hæstarétti um uppboðið mundi og binda þá. Þeim hefur ekki verið stefnt fyrir Hæstarétt. Verður því að vísa þessu máli frá Hæstarétti sjálfkrafa.

Samkvæmt þessum úrslitum verður áfrýjandi dæmdur til að

greiða stefndu Gjaldheimtunni í Reykjavík, Landsbanka Íslands, Útvegsbanka Íslands, Jóni Magnússyni, Þórarni Árnasyni, Boga Ingimarssyni, Guðmundi Jónssyni, Magnúsi Fr. Árnasyni, Ara Ísberg, Hallgrími B. Geirssyni, Þorvaldi Lúðvíkssyni, Jóni Ingólfssyni, Kristni Sigurjónssyni, Grétari Haraldssyni og Sigurði H. Guðjónssyni málskostnað fyrir Hæstarétti, 3.500.00 krónur til hvers þeirra, en málskostnaður verður ekki dæmdur þeim, sem mætt hafa í málinu óstefndir.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti sjálfkrafa.

Áfrýjandi, Haukur Leósson, greiði stefndu Gjaldheimtunni í Reykjavík, Landsbanka Íslands, Útvegsbanka Íslands, Jóni Magnússyni, Þórarni Árnasyni, Boga Ingimarssyni, Guðmundi Jónssyni, Magnúsi Fr. Árnasyni, Ara Ísberg, Hallgrími B. Geirssyni, Þorvaldi Lúðvíkssyni, Jóni Ingólfssyni, Kristni Sigurjónssyni, Grétari Haraldssyni og Sigurði H. Guðjónssyni málskostnað fyrir Hæstarétti, 3.500.00 krónur til hvers að viðlagðri aðför að lögum.